

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 130/2016

2017/EES/76/27

frá 3. júní 2016

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2010 frá 11. nóvember 2015 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1708/2005 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 19v (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1708/2005) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32015 R 2010**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2010 frá 11. nóvember 2015 (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2015/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júní 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júní 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.